



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólaárið 2025-2026

Skóli Ísaks Jónssonar

Heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur með sérþarfir

Í Skóla Ísaks Jónssonar eru 280 nemendur, 77 eru í fimm ára deild og 203 í 1.–4. bekk. Einkunnarorð skólans eru: Starf, háttvísi, þroski og hamingja. Lögð er áhersla á hlýleg og persónuleg samskipti.

· Skóli Ísaks Jónssonar starfar í anda skóla án aðgreiningar, sbr. 2. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla, sbr. auglýsingu nr. 1188/2024 (B-deild Stjórnartíðinda, 17. október 2024); fyrir kafla 19 – Íslenska er vísað sérstaklega til auglýsingar nr. 560/2025 (B-deild Stjórnartíðinda, 14. maí 2025).

· 5 ára deild Skóla Ísaks Jónssonar starfar samkvæmt lögum nr. 20/2008 um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla; sbr. auglýsingu nr. 674/2011 (B-deild Stjórnartíðinda, 16. maí 2011), með síðari breytingum.

Móttökuáætlun nemenda sem þurfa sérstakan stuðning

Á umsóknareyðublaði um skólavist ber foreldrum að tilgreina:

· Greiningar sem barnið hefur fengið og/eða hvort leikskóli hafi mælt til þess að nemandi fari í greiningu.

· Hvort nemandi hafi fengið sérstakan stuðning í leikskóla.

Meðferð persónuupplýsinga er á hendi skólastjóra og fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð þeirra. Við upphaf skólagöngu eru foreldrar upplýstir um heildarskipulag, stefnu skólans og áætlun um skipulag stuðnings við nemendur. Upplýsingarnar eru nauðsynlegar fyrir skólastarfið og velferð barnsins.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Miðlun upplýsinga milli skóla

Gott upplýsingaflæði sem varðar nemendur er mikilvægt til að mæta sem best þörfum þeirra.

- Persónuupplýsingar og greiningargögn sem varða nemanda eru fengin frá leik- og grunnskóla með vitund foreldra.
- Fulltrúi skólans fer í leikskólann og fylgist með nemandanum þar, ef þurfa þykir.
- Að vori eða hausti er haldinn skilafundur leik- og grunnskóla þar sem farið er yfir málefni nemandans með leyfi foreldra.
- Lögð er áhersla á að nemandi komi og skoði skólann og umhverfi hans.

Sérkennsla

Skólastjóri og fagstjóri sérkennslu bera ábyrgð á mótun heildarskipulags stuðnings við nemendur með sérþarfir.

- Sérkennsla er stuðningur við nemendur sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri eða skemmri tíma, jafnvel alla skólagönguna.
- Sérkennarar skipuleggja sérkennslu í samráði við umsjónarkennara með vitund og vilja foreldra.
- Sérkennsla og námsstuðningur fer fram innan bekkjar eða í sérkennslustofum, allt eftir þörfum nemanda, ýmist í hópum eða einstaklingslega.
- Stuðningsfulltrúar vinna í nánum tengslum við umsjónarkennara og sérkennara.

Skipulag sérkennslu/stuðnings

Skólastarfið er skipulagt í heild út frá þörfum nemenda og leitast er við að skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum. Notaðar eru fjölbreyttar námsleiðir, kennsluaðferðir og námsefni.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

- Umsjónarkennarar fylla út umsókn um sérkennslu/stuðning að vori.
- Fagstjóri sérkennslu/fagstjóri fjöltyngdra/sérkennari fara yfir stöðuna og skipuleggja kennslu og stuðning út frá upplýsingum umsjónarkennara. Með þessu er hægt að leggja drög að skipulagi sérkennslu næsta skólaárs.
- Að hausti er skipulagið endurmetið í samráði við umsjónarkennara.
- Beiðni getur einnig borist frá foreldrum. Umsjónarkennari kemur beiðninni til fagstjóra sérkennslu sem síðan kemur henni í ferli.
- Beiðni frá umsjónarkennurum/foreldrum getur borist hvenær sem er yfir skólaárið.

Mat á þörfum nemenda fyrir sérkennslu/stuðning

Sérkennsla/stuðningur fer ætíð fram með samþykki og í samráði við foreldra og eru þeir upplýstir reglulega um náms- og/eða félagslega framvindu.

- Greiningargögn frá sérfræðingum eru notuð til grundvallar að skipulagi sérkennslu.

Fagstjóri sérkennslu/sérkennari/umsjónarkennari leggur fyrir próf/skimanir með reglubundnum hætti til að fylgjast með framvindu náms. Niðurstöður skimana eru notaðar til þess að veita viðeigandi stuðning í námi, meðal annars sérkennslu eða stuðning í minni hópum.

- Þegar umsjónarkennari og/eða foreldrar telja að styðja þurfi nemanda sérstaklega náms- og/eða félagslega er athugað hvort markmið, nám og námsumhverfi sé við hæfi. Ef svo reynist ekki vera þarf að skoða hvort nemandi þurfi á sérstökum stuðningi að halda.

- Nemendur með hegðunar-, tilfinningalegan og félagslegan vanda fá aðstoð eftir þörfum hvers og eins. Umsjónarkennari og foreldrar meta þörf fyrir slíkan stuðning í samráði við sérkennara. Fagstjóri sérkennslu býður upp á tíma í félagsfærni fyrir þá sem þurfa. Skrifleg beiðni frá umsjónarkennara með samþykki foreldra þarf að liggja fyrir.

- Ef foreldrar afþakka sérkennslu fyrir nemandann þá þurfa þeir að undirrita skjal þess efnis sem skólinn varðveitir. Þær upplýsingar fylgja barninu áfram í næsta skóla og eru foreldrar upplýstir um það.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Aðlögun náms- og félagslegra aðstæðna

Skólinn leggur áherslu á sveigjanlega og fjölbreytta náms- og kennsluhætti til að mæta þörfum allra nemenda í almennum námsumhverfi.

- Umsjónarkennari ber meginábyrgð á námi nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Hann, ásamt þeim fagaðila sem sinnir stuðningi, skipuleggur námsumhverfi, val á námsefni, námsleiðum og námsmat við hæfi nemenda sem ekki fylgja námsmarkmiðum árgangs, í samræmi við aðalnámskrár grunn- og leikskóla.
- Umsjónarkennari hefur samband við skólustjóra/fagstjóra sérkennslu ef áhyggjur vakna vegna stöðu nemanda.
- Aðlögun getur til dæmis falist í að sitja nálægt kennara, fá endurtekin fyrirbætur, hafa sjónræna stundatöflu á borði eða fá tækifæri til að hreyfa sig. Einnig stuttar vinnulotur og umbunarkerfi til að styrkja jákvæða hegðun.
- Lögð er áhersla á að í hverri kennslustofu sé sjónrænt dagskipulag ásamt myndrænum reglum skólans.
- Áherslur og umfang félagslegs stuðnings fer eftir þörfum. Kennari og stuðningsaðili bera ábyrgð á virkni og þátttöku nemandans í leik og starfi. Félagslegur stuðningur getur til dæmis falist í samvinnu nemenda í litlum hópum, þjálfun í samskiptum og leikþjálfun í frjálsum leik inni og úti í frímínútum.
- Mikilvægt er að gagnkvæm samvinna og gott upplýsingaflæði sé á milli umsjónarkennara og þess sem sinnir stuðningi.
- Umsjónarkennari sér um að koma nauðsynlegum upplýsingum um nemendur, ef þurfa þykir, til starfsfólks skólans til að koma sem best til móts við náms- og félagslegar þarfar nemandans.
- Forstöðumaður frístundar hittir umsjónarkennara að hausti og fær upplýsingar um nemendur og kemur þeim upplýsingum áfram til starfsfólks frístundar.
- Sérgreinakennarar aðlaga aðstæður og námsefni í sinni grein fyrir nemendur með sérþarfir. Sérkennari/stuðningsfulltrúi fylgir nemendum með sérþarfir í kennslustundir, matartíma og frímínútur eftir þörfum. Markmið stuðnings skal ávallt vera að koma til móts við þarfir og getu nemandans, auka sjálfstæði og virkni hans, náms- og félagslega.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Allt starfsfólk skólans kemur til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinnir þeim af alúð.

Einstaklingsnámskrá

- Fagstjóri sérkennslu ber meginábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár.
- Einstaklingsnámskrá byggir á aðalnámskrá grunnskóla en felur oft í sér veruleg frávik frá henni og tekur til markmiða, inntaks og leiða yfir ákveðið tímabil.
- Einstaklingsnámskrá er ítarleg áætlun fyrir nemanda með fötlun eða miklar sérþarfir sem unnin er í samvinnu af sérkennurum og umsjónarkennara, í samráði við foreldra og aðra fagaðila eftir þörfum. Einstaklingsnámskrá byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunarprófum og er útbúin að hausti.
- Einstaklingsnámskrá byggir á greiningargögnum og heildaraðstæðum nemandans. Þar koma fram greinagóðar bakgrunnsupplýsingar, markmið, leiðir, námsgögn og hvernig námsmati er háttað. Einnig koma fram styrkleikar, veikleikar og áhugasvið.
- Einstaklingsnámskrá er lögð til samþykktar á teymisfundi að hausti.
- Einstaklingsnámskrá er birt inn á Mentor þegar samþykki foreldra hefur átt sér stað og geta foreldrar fylgst þar með framvindu námsins hjá barninu.
- Markmiðin geta verið ýmist náms- og/eða félagsleg.
- Einstaklingsnámskrá er endurskoðuð reglulega yfir skólaárið.

Teymisvinna

Teymi er myndað í kringum nemendur samkvæmt ráðleggingum greiningaraðila/fagstjóra sérkennslu/umsjónarkennara þegar þörf er talin á. Fagstjóri sérkennslu ber ábyrgð á stofnun teymis og boðar til fyrsta fundar.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

- Í teyminu sitja fagstjóri sérkennslu, umsjónarkennari, sérkennari/stuðningsfulltrúi, forstöðumaður frístundar, þjónustuaðilar utan skólans (þegar það á við) og foreldrar.
- Teymisfundir eru haldnir á 6–8 vikna fresti þar sem farið er yfir náms- og félagslega stöðu nemandans.
- Markmið teymisvinnunnar er að miðla og veita gagnkvæma ráðgjöf og upplýsingar. Skólinn leggur áherslu á góða samvinnu og upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.
- Foreldrar geta óskað eftir samþættingu á málum barns ef margir þjónustuaðilar koma að máli barns. Fagstjóri sérkennslu gerir þar til gert mat á málinu og, ef þurfa þykir, er málstjóri frá þjónustumiðstöð kallaður inn í teymi. Málstjóri heldur utan um málið og er tengiliður við alla aðila innan teymis og ber ábyrgð á stuðningsáætlun. Foreldrar sækja um samþættingu máls inn á „Mínar síður“ hjá Reykjavíkurborg.

Tengiliður farsældar

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna voru samþykkt á Alþingi 11. júní 2021. Lögum þessum er ætlað að stuðla að farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við framkvæmd laga þessara skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum.

Fyrsta stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyrir grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Þá tilheyrir fyrsta stigi úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Snemmtækur stuðningur er veittur í samræmi við frummat á þörfum barns og honum fylgt eftir á markvissan hátt.

Öðru stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyrir úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Markvissari stuðningur er veittur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns. Leitast skal við að veita markvissari stuðning á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.

Þriðja stigi þjónustu í þágu farsældar barna tilheyrir úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Sérhæfðari stuðningur er veittur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns. Leitast skal við að veita sérhæfðari stuðning á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengiliðsþjónustu í þágu farsældar barns eftir því sem þörf krefur. Í Ísaksskóla er fagstjóri sérkennslu, Fanney Hanna Valgarðsdóttir, tengiliður og geta foreldrar og börn leitað til hennar með sín mál. Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi og vinnur mál í samstarfi og samráði við foreldra og barn.

Hlutverk tengiliðar er að:

- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
- Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
- Taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.

Ráðgjöf

Vesturmiðstöð sinnir ráðgjöf og greiningu fyrir skólann.

· Fagstjóri sérkennslu/umsjónarkennari/foreldrar geta óskað eftir hegðunarráðgjafa, kennsluráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðingi og sálfræðingi frá Vesturmiðstöð sem er þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

· Innan skólans starfar lausnateymi. Í lausnateymi sitja: kennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð, sérkennari, forstöðumaður frístundar og fagstjóri sérkennslu. Kennarar og foreldrar geta sótt um að mál séu tekin fyrir á lausnateymisfundum sem haldnir eru á hálfsmánaðar fresti. Hlutverk lausnateymis er að veita ráðgjöf til kennara og foreldra vegna hegðunarvanda og/eða námsvanda. Umsókn í lausnateymi er hjá fagstjóra sérkennslu.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

· Lausnateymi getur vísað málum áfram til kennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga hjá Vesturmiðstöð. Einnig getur teymið vísað málinu áfram í nemendaverndarráð ef vandinn er þess eðlis.

Ef sótt er um aðstoð vegna nemanda þarf samþykki foreldra að liggja fyrir.

Greiningar

· Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, fagstjóri sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur frá Vesturmiðstöð.

· Ef umsjónarkennari óskar eftir að fram fari skoðun á vanda barns þarf að liggja fyrir umsókn í nemendaverndarráð með samþykki foreldra. Umsóknin er hjá fagstjóra sérkennslu og getur umsjónarkennari nálgast hana þar.

· Einnig getur lausnateymi, eins og áður sagði, vísað máli áfram í nemendaverndarráð.

· Mál nemandans eru rædd á nemendaverndarráðsfundi með vitund foreldra. Umsjónarkennari er kvaddur til á fund til að kynna stöðu barnsins.

· Ef skólasálfræðingur samþykkir að mál fari áfram inn á þjónustumiðstöð og rétt sé að fara af stað með skoðun á vanda barns kemur fagstjóri sérkennslu málinu af stað í ferli.

· Foreldrar fá sendan hlekk á umsóknarsíðu um skoðun á vanda barns frá fagstjóra sérkennslu. Fagstjóri sérkennslu fær beiðnina senda til sín frá rafrænni miðstöð þegar foreldrar hafa lokið við að fylla út umsóknina.

· Umsjónarkennarar fylla út rafræna umsókn hjá fagstjóra sérkennslu um skoðun á vanda barns.

· Fagstjóri sérkennslu sameinar rafræna beiðni frá foreldrum ásamt beiðni frá umsjónarkennara og sendir áfram á Vesturmiðstöð.

· Greiningaraðilar skila niðurstöðum og tillögum til foreldra og skóla.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

- Ef foreldrar hafna tilvísun vegna greiningar þurfa þeir að undirrita sérstakt plagg þess efnis.

Próf og skimanir

Árlega eru ýmis skimunar- og könnunarpróf lögð fyrir alla nemendur hvers árgangs.

- Tilgangurinn er að finna nemendur sem hugsanlega eru í áhættu hvað varðar lestrar- og/eða stærðfræðierfiðleika og mæta þeim með viðeigandi aðgerðum.
- Umsjónarkennari skipuleggur kennslu út frá niðurstöðum námsmats og kemur upplýsingum til foreldra. Umsjónarkennari, fagstjóri sérkennslu og fagstjóri fjöltyngdra meta hvaða nemendur þurfa að fara í sérkennslu/stuðning.

Skimanir og próf í 5 ára deild

- HLIÓM-2: Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Prófið er lagt fyrir í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika. Skimunin er lögð fyrir að hausti og endurtekin í lok janúar hjá þeim sem voru undir viðmiðum að hausti. Þau börn sem koma út með mjög slaka færni eða slaka færni í heildarmælitölu prófsins taka þátt í málörvunarhópi í kjölfarið. Umsjónarkennari kynnir foreldrum niðurstöður og eftirfylgni. Foreldrar fá afhent niðurstöðublað með hugmyndum að verkefnum til að æfa heima með börnunum. Kennarar með tilskilin réttindi leggja athugunina fyrir.

- Stafakönnun: Umsjónarkennari leggur fyrir stafakönnun í febrúar og maí. Þegar lestrarkennsla fer af stað í 1. bekk þarf að huga sérstaklega að þeim börnum sem ekki hafa öðlast öryggi í stafakönnun að vori.

Skimanir og próf í 1. bekk

- Stafakönnun: Umsjónarkennari leggur prófið fyrir að hausti. Þeir nemendur sem hafa ekki öðlast öryggi í stafakönnun fara í lestrarstuðning.
- Lesferill – lesskimun: Lagt fyrir í október af sérkennara/umsjónarkennara. Prófið skimar málskilning og orðaforða, bókstafa- og hljóðabekkingu, hljóðkerfis- og hljóðavitund.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

· Milli mála II: Mat á íslensku sem öðru máli. Prófið er lagt fyrir fjöltyngda nemendur og íslenska nemendur sem hafa búið erlendis í fimm ár eða lengur. Kennarar með tilskilin réttindi leggja prófið fyrir. Þeir nemendur sem koma út á gulu eða rauðu svæði fara í íslenskutíma fyrir fjöltyngda. Niðurstöður prófsins eru sendar til Miðju máls og læsis.

· Lesfimiþróf frá MMS (Skólagátt) sem er lagt fyrir á landsvísu: Prófið er einstaklingsþróf sem metur leshraða, sjálfvirkni og lestrarnákvæmni. Lesfimiþrófið fylgja hverjum árgangi. Prófið er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Niðurstöður eru sendar til MMS (Skólagátt). Umsjónarkennari skipuleggur lestrarkennslu út frá niðurstöðum. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá lestrarstuðning.

Skimanir og þróf í 2. bekk

· Lesfimiþróf frá MMS (Skólagátt) sem er lagt fyrir á landsvísu: Prófið er einstaklingsþróf sem metur leshraða, sjálfvirkni og lestrarnákvæmni. Lesfimiþrófið fylgja hverjum árgangi. Prófið er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Niðurstöður eru sendar til MMS (Skólagátt). Umsjónarkennari skipuleggur lestrarkennslu út frá niðurstöðum. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá lestrarstuðning.

· Aston Index (stafsetningarkönnun): Lagt fyrir af umsjónarkennurum í október. Stafsetning stakra orða. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stafsetningarstuðning.

· Lesmál frá MMS (Skólagátt) – Mat á lestri, lesskilningi, leshraða og réttritun. Prófið er hóppróf sem er lagt fyrir í apríl. Í þeim þáttum sem nemandinn kemur út með slaka færni fá foreldrar leiðbeiningar frá umsjónarkennurum um með hvaða þætti má þjálfar nemendur.

Skimanir og þróf í 3. bekk

· Lesfimiþróf frá MMS (Skólagátt) sem er lagt fyrir á landsvísu: Prófið er einstaklingsþróf sem metur leshraða, sjálfvirkni og lestrarnákvæmni. Lesfimiþrófið fylgja hverjum árgangi. Prófið er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Niðurstöður eru sendar til MMS (Skólagátt). Umsjónarkennari skipuleggur lestrarkennslu út frá niðurstöðum. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá lestrarstuðning.

· Orðarún – mat á lesskilningi: Lagt fyrir af umsjónarkennara í október og febrúar. Þeir sem koma með slaka færni á þrófinu fara í lesskilningshóp.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

· Aston Index (stafsetningarkönnun): Lagt fyrir af umsjónarkennurum í október. Stafsetning stakra orða. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stafsetningarstuðning.

Skimanir og próf í 4. bekk

· Lesfimiþróf frá MMS (Skólagátt) sem er lagt fyrir á landsvísu: Prófið er einstaklingsþróf sem metur leshraða, sjálfvirkni og lestrarnákvæmni. Lesfimiþrófið fylgja hverjum árgangi. Prófið er lagt fyrir af umsjónarkennurum í september, janúar og maí. Niðurstöður eru sendar til MMS (Skólagátt). Umsjónarkennari skipuleggur lestrarkennslu út frá niðurstöðum. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá lestrarstuðning.

· Orðarún – mat á lesskilningi: Lagt fyrir af umsjónarkennara í október og febrúar. Þeir sem koma með slaka færni á prófinu fara í lesskilningshóp.

· Aston Index (stafsetningarkönnun): Lagt fyrir af umsjónarkennurum í október. Stafsetning stakra orða. Þeir nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stafsetningarstuðning.

· Milli mála II: Mat á íslensku sem öðru máli. Prófið er lagt fyrir fjöltyngda nemendur og íslenska nemendur sem hafa búið erlendis í fimm ár eða lengur. Kennarar með tilskilin réttindi leggja prófið fyrir. Þeir nemendur sem koma út á gulu eða rauðu svæði fara í íslenskutíma fyrir fjöltyngda.

· LOGOS – lesblindugreining: Prófið er lagt fyrir nemendur að beiðni umsjónarkennara og/eða foreldra. Sérkennari með tilskilin réttindi leggur prófið fyrir. Ef prófið gefur vísbendingu um lesblindu fylgir það nemandanum, með vitund foreldra, í næsta skóla. Eftir LOGOS-lesblindugreininguna fær nemandinn stuðning í skólanum í þeim þáttum þar sem tilskildu lágmarki var ekki náð.

Yfirlit október 2025